

STARFSÁÆTLUN 2018

INNGANGUR

Stjórnkerfis og lýðræðisráð ber, samkvæmt samþykktum stjórnkerfis- og lýðræðisráðs, að vinna starfsáætlun í stjórnkerfis og lýðræðismálum borgarinnar. Ráðið fær fjárhagsramma vegna verkefna sem undir það heyrja og á áætlunin að endurspeglar áherslur ráðsins. Tilgangurinn með áætluninni er að forgangsraða verkefnum en hún á einnig að nýtast sem tæki til að fylgjast með framvindu verkefna.

STJÓRNKERFIS- OG LÝÐRÆÐISRÁÐ

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð starfar í umboði borgarráðs samkvæmt samþykkt í borgarstjórn frá 3. október 2017. Ráðið er skipað sjö fulltrúum kjörnum af borgarstjórn og jafnmörgum til vara. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og borgarstjórnar.

Ráðið tekur ákvarðanir og gerir tillögur til borgarráðs í málum sem heyrja undir verksvið þess. Þá fer ráðið með önnur þau verkefni sem borgarráð kann að fela því. Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara annast framkvæmd stefnu og verkefna ráðsins og samskipti við aðrar stofnanir borgarinnar

FULLTRÚAR Í STJÓRNKERFIS- OG LÝÐRÆÐISRÁÐI

AÐALMENN

Halldór Auðar Svansson
Eva Einarsdóttir
Skúli Helgason
Eva H. Baldursdóttir
Gústav Adolf Bergmann Sigurbjörnsson
Lára Óskarsdóttir
Björn Gíslason
Jón Ingi Gíslason (áheyrnarfulltrúi)

VARAFULLTRÚAR

Þórlaug Ágústsdóttir
Ragnar Hansson
Áspór Sævar Áspórssón
Inga Auðbjörg Kristjánsdóttir
Eydís Blöndal
Börkur Gunnarsson
Herdís Anna Þorvaldsdóttir
Linda Jónsdóttir (áheyrnarfulltrúi)

HELSTU VERKEFNI

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð fer með það hlutverk að yfirfara stjórnkerfi Reykjavíkurborgar með það að markmiði að gera það einfaldara og markvissara. Ráðið fer einnig með það verkefni að efla lýðræði í stjórnkerfinu, gera samráð vandaðra og auka þátttöku borgarbúa. Þá fer stjórnkerfis- og lýðræðisráð með það hlutverk að auka aðgang að upplýsingum og gera þjónustu við borgarbúa skilvirkari, markvissari og sýnilegri.

Til þess að vinna að þessum markmiðum hefur stjórnkerfis- og lýðræðisráð m.a. með höndum eftirtalin verkefni:

Á sviði stjórnkerfismála:

- Er borgarráði og öðrum borgaryfirvöldum til ráðuneytis á sviði stjórnkerfisbreytinga.
- Hefur frumkvæði að tillögum til borgarráðs um breytingar á stjórnkerfinu.

Á sviði lýðræðismála:

- Gerir tillögur til borgarráðs um íbúalýðræði, samráð og þátttöku borgarbúa.
- Gerir tillögur til borgarráðs um gagnsæi stjórnsýslunnar.
- Gerir tillögur til borgarráðs um hlutverk hverfisráða og skipulag nærþjónustu.

Á sviði þjónustumála:


- Er borgarráði og öðrum borgaryfirvöldum til ráðuneytis á sviði þjónustu.
- Gerir tillögur til borgarráðs um þjónustutengd verkefni, fyrirkomulagi þjónustu og þjónustuveitingu.

Á sviði upplýsingatæknimála:

- Er borgarráði og öðrum borgaryfirvöldum til ráðuneytis á sviði upplýsingatæknimála.
- Hefur frumkvæði að tillögum til borgarráðs um mál tengd upplýsingatækni.
- Gerir tillögur til borgarráðs um verkefni í rafrænni þjónustu.

Vegna umboðsmanns borgarbúa:

- Afgreiðir starfsáætlun umboðsmanns borgarbúa og hefur eftirlit með að tillögur í frumvarpi að fjárhagsáætlun séu í samræmi við starfsáætlun og mótaða stefnu.
- Hefur umsjón með að tilmæli og álit umboðsmanns borgarbúa fái viðeigandi skoðun og meðferð innan stjórnkerfis Reykjavíkurborgar.



UMBOÐSMAÐUR BORGARBÚA

Á árinu 2017 ákvað borgarstjórn að festa tilraunaverkefni um umboðsmann borgarbúa varanlega í sessi. Heyrir umboðsmaður borgarbúa nú stjórnskipulega undir stjórnkerfis- og lýðræðisráð en nýtur faglegs sjálfstæðis og er óháður fyrirmælum frá öðrum í sínum störfum. Ráðinu er ætlað að vera sá vettvangur þar sem haldið er utan um ábendingar umboðsmanns borgarbúa og þeim komið í farveg. Um samskipti umboðsmanns borgarbúa og stjórnkerfis- og lýðræðisráði gilda sérstakar verklagsreglur sem unnar eru í samvinnu beggja aðila.

MARKMIÐ OG AÐGERÐIR 2018

Helstu markmið og aðgerðir í stjórnkerfis-, lýðræðis- og gagnsæismálum má sjá hér í töflunni. Markmið og aðgerðir til að ná þeim eru flokkuð í þrjá flokka.

FLOKKAR VERKEFNA

- S: Stjórnkerfi
- L: Lýðræði og samráð
- G: Gagnsæi

Flokkur	Markmið	Aðgerð
G	Auka framboð af opnum gögnum Reykjavíkurborgar	Styðja við og fylgja eftir aðgerðum sem miða að opnun ýmissa gagna Reykjavíkurborgar fyrir almenningi.
G	Rafræn gagnagátt um fjármál Reykjavíkurborgar	Styðja við og fylgja eftir frekari þróun á rafrænni gagnagátt fyrir fjárhagsupplýsingar Reykjavíkurborgar.
S, G	Stjórnendaupplýsingar.	Innleiðing á hugbúnaði vegna stjórnendaupplýsinga.
S, G	Rafræn þjónustumiðstöð	Stuðningur við innleiðingu rafrænnar þjónustumiðstöðvar á skrifstofu þjónustu og reksturs.
S, G	Upplýsingastefna	Stuðningur við og eftirlit með innleiðingu upplýsingastefnu Reykjavíkurborgar.
S	þjónustustefna	Stuðningur við og eftirlit með innleiðingu þjónustustefnu Reykjavíkurborgar.
L	Lýðræðisstefna	Stuðningur við og eftirlit með innleiðingu lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar.
S, L	Betri Reykjavík	Stuðningur við og eftirlit með innleiðingu stefnu um Betri Reykjavík.
S, L	Skýrt hlutverk hverfisráða	Stutt við breytingar á hverfisráðum samhliða borgarstjórnarkosningum 2018.
S	Umboðsmaður borgarbúa	Eftirfylgni ábendinga umboðsmanns borgarbúa.
S	Upplýsingatæknistefna	Stuðningur við og eftirlit með innleiðingu upplýsingatæknistefnu.
L	Auka þátttöku almennings í lýðræðismálum	Tillögur að aðgerðum til að auka þátttöku.